

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 19. mars 2019 í máli nr. S-89/2019:

Ákærvaldið

(Kristmundur Stefán Einarsson saksóknarfulltrúi)

gegn

Martynas Cemerys

(Bjarni Hólmar Einarsson lögmaður)

Mál þetta, sem dómtekið var 19. mars 2018, var höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 12. febrúar 2019, á hendur:

„Martynas Cemerys, kt. [...],
[...],

fyrir hegningar- og umferðarlagabrot með því að hafa, [...] 2016, ekið bifreiðinni [...] austur [...] í Reykjavík, tekið vinstri beygju inn á gatnamót [...] og [...] án nægjanlegrar aðgæslu og varúðar og ekið í veg fyrir bifhjólið [...], sem ekið var vestur [...], þannig að árekstur varð með bifreiðinni og bifhjólinu með þeim afleiðingum að ökumaður bifhjólsins, A, kt. [...], kastaðist af því og hlaut brot á [...] og [...].

(Mál nr. 007-2016-41135)

Teljast brot þessi varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 4. gr. og 1. og 6. mgr. 25. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar er lög leyfa og að hún verði skilorðsbundin. Þá krefst hann hæfilegrar þóknunar sér til handa.

Farið var með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu er sækjanda og verjanda ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Ákærði hefur skýlaust jatað brot sín. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök. Brot ákærða er meðal annars heimfært til 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr.

50/1987. Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í máli nr. 33/2012 telst það ákvæði ekki viðhlítandi refsheimild, sbr. 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Verður ákærða því ekki refsað fyrir brot á því ákvæði. Að öðru leyti er fallist á heimfærslu brotsins til refsíákvæða.

Ákærða hefur ekki áður verið gerð refsing. Langt er liðið frá því að atvik áttu sér stað, nánar tiltekið [...] 2016. Beiðni um áverkavottorð er dagsett [...] 2016 og liggur það fyrir í gögnum málsins, dagsett [...] 2016. Greining samkvæmt vottorðinu er [...]. Verksaðarlýsing í ákæru er lýtur að áverkum er greinilega byggð á þessu vottorði. Á hinn bóginn virðist rannsókn málsins hafa legið niðri allt þar til vottorð sérfræðings barst lögreglu en það er mótttekið [...] 2018. Ákæra í málinu er dagsett 12. febrúar 2019. Verður ákærða ekki kennt um þann drátt sem er aðfinnsluverður.

Að því virtu þykir rétt að fresta ákvörðun um refsingu ákærða og falli hún niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns Bjarna Hólmars Einarssonar lögmans, 105.400 krónur og 37.100 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti. Tekið er tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun þóknunar.

Sigríður Hjaltsted héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákvörðun um refsingu ákærða, Martynas Cemerys, er frestað og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns Bjarna Hólmars Einarssonar lögmans, 105.400 krónur og 37.100 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Hjaltsted (sign.)